

REGLUR

um meistaranám við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur um meistaranám við heilbrigðisvísindasvið eru settar með hliðsjón af reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar eru rammareglur sviðsins. Í sumum greinum reglnanna er að finna vinnureglur einstakra deilda/námsleiða ef við á. Heilbrigðisvísindasvið og deildir þess setja sér vinnureglur um framkvæmd þessara rammareglna. Vinnureglurnar ásamt þessum rammareglum skulu birtar á vefsvæði sviðsins. Þar er einnig að finna tengdar upplýsingar, meðal annars um meistaranám til starfsréttinda.

2. gr.

Markmið námsins.

Á heilbrigðisvísindasviði er unnt að stunda meistaranám á fræðasviðum þar sem deildir meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi. Kennslugreinar og lærdómstítlar eru samkvæmt XI. kafla reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Markmið meistaranáms er að nemendur fái gott yfirlit og innsýn í rannsóknaraðferðir í grein sinni, öðlist þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og rannsóknum og fái traustan undirbúning undir doktorsnám og ýmis störf, þ. á m. á sínu sérsviði. Einnig að nemendur uppfylli þau hæfniviðmið sem námsleið þeirra gerir ráð fyrir og öðlist viðeigandi klíniska færni ef um það er að ræða.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur yfirumsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við háskólann, sbr. 66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Standa ber skil á upplýsingum og gögnum sem Miðstöð framhaldsnáms kallar eftir.

3. gr.

Fastanefndir.

Í deildum heilbrigðisvísindasviðs skal starfa sérstök fastanefnd (framhaldsnámsnefnd, rannsóknámsnefnd, meistaranámsnefnd eða önnur). Fastanefnd getur verið sameiginleg fyrir fleiri en eina deild, enda eigi þær fulltrúa í nefndinni. Námsbrautir eiga fulltrúa í fastanefndum deilda. Í fastanefnd sitja 3–12 aðilar, eftir stærð deildar, sem eru kosnir af deildarfundum/deildarráði. Fastanefnd situr til tveggja ára í senn og skal meirihluti fulltrúa hennar vera úr hópi fastra akademískra starfsmanna við deildina. Fastanefnd fer með málefni meistaranáms sem stundað er við viðkomandi deild eða deildir og er hlutverk hennar m.a. að hafa faglega umsjón með gæðum meistaranáms, fjalla um umsóknir, sjá um skipun í meistaraþrófnestefndir, meta rannsóknaráætlanir meistaranema, meta umsóknir um lesnámskeið, samþykkja breytingar á námsáætlunum og tilnefna prófdómara þegar við á, og annast önnur verkefni sem deild kann að fela henni. Deild getur falið námsbraut að sjá um verkefni fastanefndar í viðkomandi grein.

4. gr.

Umsóknarfrestur.

Upplýsingar um umsóknarfrest um meistaranám eru birtar á vefsíðum heilbrigðisvísindasviðs og deilda þess. Umsóknarfrestur um meistaranám er að jafnaði til 15. apríl en fyrir erlenda umsækjendur til 1. febrúar ár hvert. Umsóknarfrestur er að jafnaði til 15. október séu nemendur teknir inn á vormisseri.

5. gr.

Umsókn.

Umsóknum skal skilað til nemendaskrár Háskóla Íslands á sérstöku rafrænu formi sem aðgengi-legt er á vef skólans.

Rafræn gögn sem fylgja skulu umsókn eru eftirfarandi:

- a. Greinargerð um námsmarkmið og áhugasvið umsækjanda.

- b. Náms- og starfsferilskrá.
- c. Nöfn tveggja meðmælenda, netföng og símanúmer. Ef meðmælandi er utan deildar þarf að senda inn meðmælabréf. Deildir geta vikið frá þessari reglu.
- d. Staðfest afrit af prófskírteini, hafi umsækjandi lokið BS-prófi frá öðrum háskóla en Háskóla Íslands.
- e. Nafn fyrirhugaðs umsjónarkennara, þegar það á við.

Deildir ákveða hvaða önnur gögn skuli fylgja umsókn.

Hjúkrunarfræðingar, sem sækja um klínískt framhaldsnám í hjúkrunarfræði eða ljósmóðurfræði, skulu einnig senda með umsóknargögnum staðfestingu á gildu hjúkrunarleyfi á Íslandi.

Eftir skráningu gagna í nemendaskrá (forsal umsókna) er fjallað um umsóknir í fastanefnd deildar. Að umfjöllun lokinni er umsækjanda tilkynnt um niðurstöðuna og tilkynning send til nemendaskrár. Skriflegt svar við umsókn skal að jafnaði hafa borist umsækjanda innan sex vikna frá því að umsóknarfrestur rennur út. Umsókn er synjað ef hún uppfyllir ekki inntökuskilyrði deildar og skal synjun vera rökstudd. Afgreiðsla deildar skal skráð í rafrænt kerfi nemendaskrár.

Nemandi þarf að skrá sig árlegri skráningu fyrir komandi háskólaár og greiða skrásetningargjald. Skráning og greiðsla skrásetningargjalds er forsenda þess að nám geti hafist eða haldið áfram.

6. gr.

Inntökuskilyrði.

Umsækjendur um meistaranám skulu að jafnaði hafa lokið BS-prófi frá Háskóla Íslands eða öðrum háskóla. Að jafnaði skal grunnháskólagráða vera í sömu grein og meistaranámið. Í klínísku meistaranámi þarf nemandi að hafa grunnháskólagráðu úr sömu grein og meistaranámið. Deildir heilbrigðisvísindasviðs geta boðið upp á rannsóknatengt meistaranám í þverfræðilegum heilbrigðisvísindagreinum fyrir nemendur úr grunnnámi á sviðinu eða úr öðrum viðeigandi fræðigreinum. Meistaranám geta þeir nemendur hafið sem hafa verið samþykktir í meistaranám í tiltekinni deild fræðasviðsins og hafa lokið BS-prófi með þeim árangri eða lágmarkseinkunn sem gildir fyrir áætlað meistaranám. Lágmarkseinkunn er á bilinu 6,5–7,25 eftir námsleiðum. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Forkröfur einstakra deilda og lágmarkseinkunnir við inntöku í meistaranám.

I. Hjúkrunarfræðideild.

- a. Meistaranám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði: Lágmarkseinkunn: 6,5. Gilt hjúkrunarleyfi á Íslandi.
- b. Ef sótt er um meistaranám í ljósmóðurfræði þarf viðkomandi að hafa lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi. Aðgangur að meistaranámi í ljósmóðurfræði til starfsréttinda er háður sérstökum reglum um fjöldatakmörkun sem háskólaráð samþykkir og koma fram í kennsluskrá.

II. Lyfjafræðideild.

- a. Meistaranám í lyfjafræði og lyfjavísindum: Lágmarkseinkunn: 6,5.
- b. Meistaranám í klínískri lyfjafræði: MS-próf í lyfjafræði við Háskóla Íslands eða sambærilegt próf í lyfjafræði frá öðrum viðurkenndum háskóla. Lágmarkseinkunn: 7,25. Aðgangur að náminu er háður sérstökum reglum um fjöldatakmörkun sem háskólaráð samþykkir.

III. Læknadeild.

- a. Meistaranám í sjúkraþjálfun: Lágmarkseinkunn: 6,5. Aðgangur að náminu er háður sérstökum reglum um fjöldatakmörkun sem háskólaráð samþykkir. Hafi nemandi lokið BS-námi úr annarri grein leggur framhaldsnámsnefnd mat á námið og ákveður hvort og hversu mörgum einingum úr grunnnámi nemandi þarf að ljúka áður en eiginlegt MS-nám hefst.
- b. Meistaranám í öðrum greinum við læknadeild: Lágmarkseinkunn: 6,5.

IV. Matvæla- og næringarfræðideild.

- a. Meistaránám í matvælafræði: Lágmarkseinkunn: 6,5.
- b. Meistaránám í næringarfræði: Lágmarkseinkunn 7,0. Hafi nemandi lokið BS-námi úr annarri grein leggur framhaldsnámsnefnd mat á námið og ákveður hvort og hversu mörgum einingum úr grunnámi nemandi þarf að ljúka áður en eiginlegt MS-nám hefst.

V. Sálfræðideild.

- a. Meistaránám í sálfræði: BS-próf í sálfræði eða sambærilegt próf. Lágmarkseinkunn: 7,25, að jafnaði. Það styrkir umsókn ef umsækjandi hefur sýnt fram á sérstaka færni í rannsóknum, námi eða starfi, t.d. með birtingu vísindagreina eða með námsárangri að loknu BS-prófi og er þá framhaldsnámsnefnd heimilt að leggja til að vikið sé frá ítöstu inntökuskilyrðum.
- b. Heimilt er að krefjast þess, áður en stúdent fær formlega aðgang að framhaldsnámi í sálfræði, að hann ljúki námskeiðum eða verkefnum sem skortir í BS-nám hans að mati framhaldsnámsnefndar.
- c. Aðgangur að meistaránámi í hagnýtri sálfræði er háður sérstökum reglum um fjölda-takmörkun sem háskólaráð samþykkir.

VI. Tannlæknadeild.

Meistaránám í tannlækningum: cand. odont.-próf eða BS-próf í raungreinum eða sambærilegt próf. Lágmarkseinkunn: 6,5.

VII. Þverfræðilegt nám með aðkomu deilda heilbrigðisvísindasviðs.

Meistaránám í þverfræðilegum greinum: Lágmarkseinkunn: 6,5.

7. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Meistaránám við heilbrigðisvísindasvið er 120 einingar, sbr. XI. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Undantekning frá þessu er klínísk lyfjafræði, sem er 90 einingar, enda skal meistaraprófi í lyfjafræði einnig vera lokið. Meistaraverkefni getur verið 30–90 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum og málstofum. Að öllu jöfnu getur nemandi í meistaránámi ekki tekið meira en 15 einingar í sérsniðnum lesnámskeiðum. Lesnámskeið getur verið á rannsóknasviði sem tengist lokaverkefni stúdents en er ekki hluti af aðalverkefni hans. Miðað skal við að lengd námsins sé tvö ár (fjögur misseri).

Hámarksnámstími til að ljúka meistaraprófi er sex misseri frá því stúdent var fyrst skrásettur í viðkomandi nám. Meistaránema er þó heimilt að innritast í hlutanám til fjögurra ára að hámarki. Stúdent í hlutanámi skal á hverju háskólaári ljúka a.m.k. helmingi af skilgreindum einingafjölda í fullu námi og skal hafa lokið prófi eigi síðar en fjórum árum eftir skráningu í námið. Deildir geta sett nánari reglur um námsframvindu. Nemandi skal vera skráður og greiða skrásetningargjald allan námstímann. Leiðbeiningar deilda eru birtar í vinnureglum á vefsvæði sviðsins.

Kröfur einstakra deilda um einingafjölda og tímalengd náms.*I. Hjúkrunarfræðideild.*

- a. Nemandi sem hefur lokið fjögurra ára BS-námi í hjúkrunarfræði getur fengið allt að 30 einingar metnar inn í meistaránámið. Nemandi getur sótt um að fá metin námskeið úr sambærilegu námi á meistarastigi, sem hann hefur stundað utan hjúkrunarfræðideildar en tengist þó fræðasviði hans.
- b. Nemendur sem teknir eru inn í meistaránám í ljósmóðurfræði til starfsréttinda geta ekki sótt um að fá einingar metnar inn í meistaránámið en skulu hafa lokið ákveðnum valnámskeiðum skv. reglum deildar.

II. Lyfjafræðideild.

- a. Af 120 eininga meistaránámi í lyfjafræði eru 40 einingar rannsóknarverkefni sem skal að jafnaði unnið á seinna námsári meistaránámsins og samsvarar a.m.k. 20 vikna fullri vinnu af hálfu nemanda.

- b. Meistarapróf í klínískri lyfjafræði er skipulagt sem starfstengt nám á Landspítala háskóla-sjúkrahúsi og tekur 3 ár miðað við 50% starfsnám. Hámarksnámstími er fimm ár. Námið er 90 einingar.

III. Sálfræðideild.

- a. MS í sálfræði: Hámarksfjöldi eininga úr sérverkefnum og sérsniðnum lesnámskeiðum er 20 einingar. Hámarksfjöldi eininga úr M-námskeiðum úr sálfræðideild og G-námskeiðum utan sálfræðideildar er 20 einingar. Öll sérverkefni, M- og G-námskeið eru háð samþykki framhaldsnámsnefndar, sem getur gert sérstakar kröfur um lágmarkseinkunn og einingamat.
- b. MS í hagnýtri sálfræði: Fjögur kjörsvið eru við námsleiðina hagnýt sálfræði.

IV. Tannlæknadeild.

Nemandi sem hefur lokið kandidateitprófi í tannlæknisfræðum fær 30 einingar metnar inn í meistaranámið. Heimilt er að meta allt að 30 einingar til viðbótar fyrir fyrirfram skilgreind námskeið úr tannlæknánáminu. Miðað er við að lágmarkseinkunn úr þeim námskeiðum sem metin eru inn í meistaranám sé 6,0. Miðað er við að lengd meistaranáms að loknu cand. odont.-prófi sé þrjú misseri. Kynningar á ráðstefnum mega að hámarki nema 4 af 120 einingum í meistaranámi.

8. gr.

Samsetning náms.

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og er samsett af almennum og sértækum námskeiðum auk rannsóknarverkefnis. Námskeið eru ýmist skyldunámskeið eða valnámskeið. Ef vinna að eigin rannsóknarverkefni, þar með talið ritgerðarmið, er meginhluti námsins (≥ 60 einingar), skal skila rannsóknaráætlun á eyðublaði sem aðgengilegt er á vef viðkomandi deildar/námsbrautar. Einnig skal skila rannsóknaráætlun ef þess er krafist um minni rannsóknarverkefni (< 60 einingar) samkvæmt vinnureglum deildar/námsbrautar. Í rannsóknaráætlun komi fram staða þekkingar, skýr rannsóknarspurning, vísindalegt og hagnýtt gildi, aðferðir og verkþættir, tímaáætlun og hlutverk nemandans í verkefninu. Rannsóknaráætlun fyrir verkefni sem hefst að hausti skal að jafnaði skila fyrir 15. apríl en fyrir 15. október vegna verkefnis sem hefst að vori.

9. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af meistaranámi.

Deild er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að samþykkja námskeið í grunnnámi sem hluta af meistaranámi, að hámarki 20 einingar nema ef um lengra grunnnám en 180 einingar er að ræða. Rökstyðja skal ítarlega slíkar ákvarðanir. Miðað skal við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé heilum hærri en tilgreind lágmarkseinkunn í viðkomandi námskeiði.

10. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver meistaranemi skal hafa umsjónarkennara úr hópi fastra akademískra starfsmanna í viðkomandi deild Háskóla Íslands. Umsjónarkennari ásamt nemanda leggur fram áætlun um meistara-verkefni sem fastanefnd deildar samþykkir. Leiðbeinandi leiðbeinir nemanda í meistara-verkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi skulu að jafnaði vera sami aðilinn. Heimilt er að nemandi hafi utanaðkomandi leiðbeinanda enda uppfylli hann kröfur þessara reglna. Nemandi ráðfærir sig um meistara-verkefnið og annað sem tengist náminu við leiðbeinanda og umsjónarkennara. Ef umsjónarkennari og leiðbeinandi eru ekki sami aðilinn, þá er umsjónarkennari ábyrgur fyrir því að verkefnið sé í samræmi við kröfur viðkomandi deildar, en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í meistara-verkefni ásamt umsjónarkennara. Eiga þeir báðir sæti í meistara-prófsnefnd.

11. gr.

Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinanda og annarra sem leggja mat á námið og rannsóknarverkefnið.

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastur akademískur starfsmaður (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein eða sérfræðingur sem hefur fengið viðeigandi hæfnismat. Leiðbeinendur meistara-

nema geta þeir einir orðið sem lokið hafa a.m.k. meistaraprófi á fræðasviðinu eða áunnið sér jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur meistarana, hvort sem þeir eru fastir kennarar við Háskóla Íslands eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemandans á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

12. gr.

Meistaraprófsnefndir og prófdómarar.

Skipa skal sérstaka meistaraprófsnefnd vegna verkefna sem eru 60 einingar eða stærri, sbr. 11. tölulið 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, og einnig ef þess er krafist um minni rannsóknarverkefni (< 60 einingar) samkvæmt vinnureglum deildar/námsbrautar. Nefndin skal skipuð 2–3 aðilum, umsjónarkennara og leiðbeinanda eða öðrum nefndarmanni sem að jafnaði er fastur akademískur starfsmaður við viðkomandi deild. Í undantekningartilvikum er heimilt að skipa utanaðkomandi aðila nefndarmann enda hafi hann a.m.k. meistarapróf. Fastanefnd deildar skipar meistaraprófsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar. Meistaraprófsnefnd heldur reglulega fundi með nemanda og samþykkir framvinduskýrslur sem nemandi skilar eftir hvert misseri ef við á.

Forseti fræðasviðs skipar einn eða tvo prófdómara að fenginni tillögu deildar. Prófdómari skal hafa lokið meistaraprófi eða sambærilegu prófi í þeirri grein sem dæma skal og njóta viðurkenningar á starfssviði sínu. Hlutverk prófdómara er að leggja mat á meistaraverkefni. Hver deild gefur út reglur eða viðmið um mat á meistaraverkefnum og fyrirkomulag námsmats. Prófdómari skal ekki vera kennari við Háskóla Íslands. Sé ekki völ á prófdómara héraendis utan Háskóla Íslands, er fullnægi áður nefndum skilyrðum, er forseta fræðasviðs heimilt að skipa aðila innan Háskóla Íslands til starfans að fenginni tillögu deildar.

13. gr.

Námsmat og meistarapróf.

Lágmarkseinkunn í námskeiðum og meistaraverkefni er 6,0 nema deild ákveði annað, sbr. 61. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Í því tilviki sem meistaraprófsnefnd hefur verið skipuð ber henni að sjá til þess að nemandi skili yfirliti yfir námsferil og fullgerða meistararitgerð til fastanefndar. Fastanefnd fjallar um ritgerðina og yfirlitið og ákveður hvort verkefnið skuli tekið til prófs/varnar.

Í 30 eininga verkefnum er að jafnaði heimilt að ljúka meistaraprófi án meistaravarnar nema meistaravarnar sé krafist í vinnureglum deildar. Leiðbeinandi gefur einnig einkunn og vega einkunnir leiðbeinanda og prófdómara jafnt í lokaeinkunn. Í öðrum tilvikum er haldin meistaravörn/opinn fyrirlestur. Vörn/opnum fyrirlestri er stýrt af prófstjóra sem fastanefnd tilnefnir. Við vörn/opinn fyrirlestur er nemandinn prófaður. Prófdómari (prófdómarar) skal (skulu) ásamt leiðbeinanda leggja mat á verkefnið og frammistöðu nemandans og gefa verkefniseinkunn (0–10) eða staðið/fallið.

Nánari ákvæði einstakra deilda um námsmat og meistarapróf.*I. Lyfjafræðideild.*

Til að standast próf í meistaránámi í lyfjafræði, meistaránámi í lyfjavísindum eða meistaránámi í klínískri lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 5,0 í hverju námskeiði fyrir sig, auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum. Sjá nánar 4. og 5. mgr. 100. gr. í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Meðaleinkunn úr öllum námskeiðum skal ekki vera lægri en 6,0.

II. Sálfræðideild.

- a. Til að útskrifast með prófgráðuna MS í sálfræði þarf vegin meðaleinkunn stúdents í námskeiðum þar sem einkunn er gefin að vera 7,0 eða hærri.
- b. Til að útskrifast með prófgráðuna MS í hagnýtri sálfræði þarf vegin meðaleinkunn stúdents í námskeiðum þar sem einkunn er gefin að vera 7,0 eða hærri.

14. gr.

Skil og frágangur meistaraverkefnis.

Meistararitgerð skal leggja fram prentaða eða rafrænt til deildar. Deildir ákveða skilafrest verkefnis. Við frágang meistararitgerðar skal nemandi fylgja leiðbeiningum þeirrar deildar sem hann brautskráist frá. Nemandi ber hugsanlegan kostnað vegna útgáfu ritgerðar. Rafrænt eintak ber nemanda að vista í gagnasafni Skemmu. Í meistararitgerðinni skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða rannsóknna á fræðasviðinu er rakin, aðferð eða aðferðir sem beitt var, niðurstöður og umræður. Heimildaskrá skal vera samkvæmt almennum reglum vísindatímarita. Hafi nemandi skrifað grein/greinar til birtingar geta þær verið hluti af ritgerðinni. Í ritgerð skal getið stofnunar sem rannsóknin var unnin við og einnig skal geta umsjónarkennara og leiðbeinanda. Koma skal skýrt fram að verkefnið hafi verið unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið.

15. gr.

Lærdómstíll.

Meistarapróf samkvæmt þessum reglum veitir eftir því sem við á rétt til lærdómstílsins Magister/Magistra Scientiarum (MS) í: Faraldsfræði, geislafræði, hagnýtri sálfræði, heilbrigðisvísindum, hjúkrunarfræði, hreyfivísindum, klínískri lyfjafræði, klínískri næringarfræði, klínískri sálfræði, líf- og læknávisindum, lífeindafræði, líftölfræði, ljósmóðurfræði, ljósmóðurfræði til starfsréttinda, lyfjafræði, lyfjavísindum, lýðheilsuvísindum, matvælafræði, næringarfræði, sálfræði, sjúkraþjálfun, talmeinafræði, tannlæknávisindum, upplýsingatækni á heilbrigðissviði.

16. gr.

Tengsl við aðrar háskóladeildir og aðra háskóla.

Hluta meistaránáms má taka við aðra háskóla, við deildir annarra fræðasviða innan Háskóla Íslands eða viðurkenndar rannsókn- eða vísindastofnanir samkvæmt samþykkt deildar. Jafnframt er heimilt að veita meistaragráðu sameiginlega með öðrum háskóla eða deild á öðru fræðasviði við Háskóla Íslands.

17. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af deildum heilbrigðisvísindasviðs og stjórn sviðsins, auk Miðstöðvar framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 140/2014.

Háskóla Íslands, 11. janúar 2019.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.